

# Fjárfestum í framtíðinni

## FYRSTU AÐGERÐIR

1. Móta opinbera, heildstæða stefnu í málefnum barna og ungmenna er byggi á rétti þeirra eins og hann er skilgreindur í barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.
2. Bjóða foreldraráðgjöf og fræðslu í öllum sveitarfélögum í samstarfi við heilsugæslustöðvar og félagsþjónustu, að hún miðist við mismunandi aldur barna og ef sérstakur vandi steðjar að.
3. Draga úr tekjutengingum barnabóta, sem kemur lægri- og millitekjuhópum best.
4. Bæta tannvernd barna, með ókeypis eftirliti og forvarnar-aðgerðum og auknum niðurgreiðslum á tannviðgerðum barna.
5. Námsbækur í framhaldsskólum verði nemendum að kostnaðarlausu.
6. Leggja áherslu á að börn innflytjenda fái sömu tækifæri og þjónustu og íslensk börn, m.a. með stóraukinni áherslu á íslenskukennslu og stuðning í skólum. Auka aðstoð við innflytjendur á unglingsaldri í því skyni að lágmarka brotfall úr framhaldsskólum. Lögð verði áhersla á fræðslu gegn fordóum í garð innflytjenda.
7. Koma á sólarhrings aðstoð og ráðgjöf fyrir unga fíkniefna-neytendur og börn með bráð geðræn vandamál og koma á fót langtíma eftirmeðferð fyrir þau. Fjölga meðferðarleiðum og leggja aukna áherslu á lausnir innan heimilisins, þar sem því verður við komið.
8. Stórefla forvarnarstarf gegn kynferðisofbeldi, m.a. með auknu samstarfi við frjáls félagasamtök og auka lagaheimildir lögreglu til öryggisráðstafana og aðgerða gagnvart kynferðisafbrota-mönnum, s.s. þeirra sem reyna að lokka til sín börn með aðstoð Netsins.
9. Efna til samstarfs við aðila vinnumarkaðarins til að finna leiðir til að stytta vinnuvikuna, í því skyni að auka samvistir foreldra og barna.



Kynntu þér stefnuna í heild á [www\\_xs\\_is](http://www_xs_is)

Kosningastefnuskrá Samfylkingarinnar 2007

# Unga Ísland

Aðgerðaáætlun Samfylkingarinnar í málefnum barna og ungmenna



Börnin okkar eru það dýrmætasta sem við eignum og það er mikilvægur mælikvarði á framsýni þjóða, hvernig þær búa yngstu kynslóðir sínar undir framtíðina.

Öll börn eiga að hafa jöfn tækifæri til að rækta hæfileika sína til fulls. Til þess þarf að skapa þeim góð uppvaxtarskilyrði og foreldrum góðar aðstæður til að sinna uppeldi þeirra.

Samfylkingin vill setja málefni barna í forgang með markvissum aðgerðum til að bæta stöðu barna og barnafjölskyldna á Íslandi.

## Markmið Samfylkingarinnar eru að:

- Bæta hag barnafjölskyldna.
- Auka stuðning við foreldra til að sinna uppeldishlutverki sínu.
- Virkja og rækta hæfileika allra nemenda í skólakerfinu.
- Leita allra leiða til að draga úr fátækt barna.
- Auka vernd barna gegn kynferðisafbrotum.
- Auka stuðning við börn innflytjenda.
- Auka stuðning og fylgja úrræðum fyrir börn og ungmenni, með hegðunarerfiðleika.
- Auka stuðning við ungmenni í vímuefnavanda og fjölskyldur þeirra.
- Bæta lagaumhverfi í málefnum barna og tryggja rétt þeirra.



# Samfylkingin vill bæta hag barnafjölskyldna með því að:

1. Lækka verðbólgu og vexti með ábyrgri hagstjórn, lækka matarverð, breyta 30% námslána í styrki; afnema stimpilgjöld á fasteignalánum, endurreisa vaxtabóta kerfið, efla traustan leigumarkað, hækka barnabætur og hækka skattleysismörk í áföngum.
2. Bæta tannvernd barna þannig að eftirlit með tannheilsu og forvarnar-
3. aðgerðir verði gjaldfrjálsar og kostnaðarþátttaka ríkisins í tannlækningum barna stóraukin t.d. með afsláttarkorti eins og í annarri heilbrigðispjónustu.
4. Námsbækur á framhaldsskólastigi verði nemendum að kostnaðarlausu.
5. Lengja fæðingarorlofið í 12 mánuði í áföngum og að það nýtisteinstæðum foreldrum að fullu.



# Samfylkingin vill styðja foreldra í uppeldishlutverki þeirra með því að:

1. Leita eftir samstarfi við aðila vinnu-markaðarins um að fyrirtæki samræmi betur atvinnupáttóku og fjölskylduábyrgð starfsfólks m.a. með því að stytta virkan vinnutíma foreldra og fjölga frídögum þeirra vegna veikinda barna og starfsdaga í skólum og leiðskólum.
2. Öllum foreldrum standi til boða foreldraráðgjöf og -fræðsla sem taki mið af ólikum þörfum og aldurs-skeiðum barnsins.
3. Sérstakur stuðningur sé veittur foreldrum með geðraskanir og börnum þeirra.
4. Auka rétt foreldra til að sinna langveikum og fötluðum börnum sínum.
5. Semja við sveitarfélög um að fötluðum börnum verði tryggð heilsdagsvist í skóla, fristundadvöl eftir skóla, nauðsynleg þjálfun og fristundadvöl í skólahléum.

# Samfylkingin vill vinna gegn fátækt barna með því að:

1. Tryggja að greiðslur almannatrygginga til einstaklinga með börn á framfæri dugi til raunverulegrar lágmarksframfærslu.
2. Bæta stöðu ungra einstæðra foreldra, m.a. með því að tryggja rétt þeirra til að ljúka námi í framhaldsskóla með náms- og framfærslustyrk óháð búsetu.
3. Tryggja aðgang barna að ókeypis skolamálíðum og uppbyggilegu forvarnarstarfi s.s. íþrótt-, tómstunda- og félagsstarfi, óháð efnahag og félagslegri stöðu.
4. Huga að sérstakri niðurgreiðslu á kostnaði við heilbrigðispjónustu fyrir börn fátækra foreldra.

## Samfylkingin vill færa íslenskt velferðarsamfélag inn í nýja öld með:

1. Breytingum á skipan stjórnarráðsins þar sem velferðarmál og almannatryggingar heyri undir sama ráðuneytið.
2. Nýrri löggjöf í velferðarmálum sveitarfélaga og almannatryggingum þar sem réttur og velferð allra barna er tryggður, þjónusta efla og samhæfð. Stuðlað að eflingu fagfólks sem starfar með börnum, m.a. með bættri og aukinni menntun.
3. Áherslu á að málefni fatlaðra, þ.m.t. fatlaðra barna, verði samþætt almennri félagsþjónustu sveitarfélaga, en miðlægri fagstofnun komið á fót til að styrkja starf i héraði og framboð sér hæfðra úrræða.
4. Það að markmiði að velferð og réttindi barna verði sérstakt áhersumál Íslendinga á alþjóðlegum vettvangi og í utanríkismálum.



## Samfylkingin vill styðja við börn innflyttjenda og foreldra þeirra með því að:

1. Tryggja heildarsýn yfir þjónustu við börn af erlendum uppruna og vinna gegn fordómum með fræðslu um fjölmenningu.
2. Gera átak í íslenskukennslu fyrir foreldra af erlendum uppruna og lögverja rétt þeirra til túlkapjónustu.
3. Tryggja börnum með annað móðurmál en íslensku, kennslu og þjálfun í íslensku sem öðru máli á öllum skólastigum og móðurmálskennslu þar sem því verður við komið.
4. Setja sérstaka áherslu á stuðning við innflyttjendur á unglingsaldri og foreldra þeirra.
5. Koma á sérstökum stuðningi á heilsugæslustöðvum við mæðraskoðun og ungbarnaværnd erlendra barna.

## Samfylkingin vill veita börnum öflugri vernd gegn kynferðisbrotum með því að:

1. Stórefla forvarnarstarf gegn kynferðisofbeldi í samstarfi við frjáls félagasamtök.
2. Auka stuðning fagfólks við börn sem sætt hafa kynferðislegu ofbeldi.
3. Tryggja rétt barns, sem grunur leikur á að hafi sætt kynferðisbroti, til skýrslutöku, læknisskoðunar og meðferðar í Barnahúsi þar sem sérfræðiþekking er mest og aðstæður eru til að mæta þörfum barnsins.
4. Skapa lögreglu skilyrði til aðgerða gegn þeim sem leggja snörur fyrir börn á internetinu í kynferðislegum tilgangi og veita skyrar lagaheimildir til eftirlits með kynferðisbrotamönnum með barnagirnd.
5. Grípa strax inn í mál ungra gerenda með sérhæfðri meðferð og tryggja að sakhaefir kynferðisbrotamenn fái meðferð meðan á afplánun refsíðoma stendur.

# Samfylkingin vill efla menntun barna og unglings með því að:

1. Efla starfs- og iðnnám í framhaldsskóum og vinna markvisst gegn brottfalli á því skólastigi.
2. Tryggja gjaldfrjálsa menntaleið í gegnum leik-, grunn- og framhaldsskóla.
3. Endurskoða framkvæmd og fyrirkomulag samræmdra prófa.
4. Auka rannsóknir á leshömlun barna og leita leiða til að vinna gegn henni.



# Samfylkingin vill bæta lagaumhverfi og styrkja réttarstöðu barna með því að:

1. Móta og hrinda í framkvæmd opinberri stefnu í málefnum barna og ungmenna sem byggi á rétti barnsins eins og hann er skilgreindur í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.
2. Börnum og foreldrum verði gert kleift að taka virkan þátt í mótu
3. stefnunnar sem taki til allra barna og þarfa þeirra.
4. Fyrirkomulag forsjár-, umgengnis- og ættleiðingarmála verði endurskoðað, m.a. með það fyrir augum að stytta málsmæðferðartíma, efla foreldraráðgjöf, fagmennsku og auka vernd barna og rétt til umgengni við báða foreldra.

# Samfylkingin vill styðja fjölskyldur barna í vímuefnaneyslu eða með hegðunarerfiðleika með því að:

1. Auka viðbragðsflyti og markvissari íhlutun í málum unglings í vímuefnavanda eða með geðræn vandamál, með aðgengilegri ráðgjöf og neyðarhjálp fyrir foreldra allan sólarhringinn.
2. Fjölga valkostum í meðferð, svo sem að veita meðferð á heimili barns eða unglings, sem getur komið í stað stofnanameðferðar, að koma upp langtíma meðferð, endurhæfingu og stuðningi við börn og fjölskyldur eftir að meðferð lýkur.
3. Gera heildstæða aðgerðaráætlun í forvörnum vegna vímuefnaneyslu barna, m.a. í samvinnu við Foreldrahús og önnur félagasamtök.
4. Fjölga sálfræðingum og öðrum sérfraðingum í að greina og meðhöndlja geð- og atferlisraskanir barna og unglings á heilsugæslustöðvum.
5. Efla starf Barna- og unglingsgeðdeilda Landspítalans (BUGL) og samvinnu við heilsugæslu-skóla og félagsþjónustu sveitarfélaga.

# Stöndum vörð um börnin

## Frambjóðendur Samfylkingarinnar í Reykjavíkurkjördæmi suður

Frá vinstri:

Kristrún Heimisdóttir  
Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir  
Ingibjörg Sólrun Gísladóttir  
Águst Ólafur Ágústsson  
Mörður Árnason  
Reynir Harðarson



## Frambjóðendur Samfylkingarinnar í Reykjavíkurkjördæmi norður

Frá vinstri:

Steinunn Valdis Óskarsdóttir  
Helgi Hjörvar  
Össur Skarphéðinsson  
Jóhanna Sigurðardóttir  
Ellert B. Schram  
Valgerður Bjarnadóttir



## Frambjóðendur Samfylkingarinnar í suðvesturkjördæmi

Frá vinstri:

Arni Páll Árnason  
Katrín Júliusdóttir  
Gunnar Svavarsson  
Guðmundur Steingrímsson  
Þórunn Sveinbjarnardóttir



## Frambjóðendur Samfylkingarinnar í suðurkjördæmi

Frá vinstri:

Róbert Marshall  
Guðrún Hrund Karledóttir  
Björgvín G. Sigurðsson  
Lúðvík Bergvinsson  
Guðrún Erlingsdóttir



## Frambjóðendur Samfylkingarinnar í norðvesturkjördæmi

Frá vinstri:

Sigurður Pétursson  
Ragnhildur Sigurðardóttir  
Anna Kristín Gunnarsdóttir  
Guðbjartur Hannesson  
Helga Vala Helgadóttir  
Karl V. Matthíasson



## Frambjóðendur Samfylkingarinnar í norðausturkjördæmi

Frá vinstri:

Jónína Rós Guðmundsdóttir  
Einar Már Sigurðarson  
Margrét Kristín Helgadóttir  
Lára Stefánsdóttir  
Kristján L. Möller  
Örlýgur Hnefill Jónsson

